

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í máli nr. M-32/2007.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. september sl. bað X, hér eftir líka nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á gólfólú og gólfلاك hjá fyrirtækinu Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin ritaði álitsbeiðanda bréf 19. september sl. og óskaði eftir nánari upplýsingum um ágreiningsefnið og kröfugerð hans. Svör álitsbeiðanda bárust nefndinni 6. október. Með bréfi, dags. 11. október, gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum. Andsvör lögmanns Y bárust 1. nóvember. Með bréfi, dags. 8. nóvember, sendi kæruneftndin álitsbeiðanda andsvörin til upplýsingar. Álitsbeiðandi sendi nefndinni athugasemdir í bréfi, dags. 18. nóvember, ásamt frekari gögnum. Með bréfi, dags. 27. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Helstu málsatvik

Álitsbeiðandi keypti íbúð sem hann fékk afhenta 21. júní sl. Hófst hann þá handa við að slípa parket sem er á íbúðinni og að búa það til lökkunar. Hann samdi við málara, sem hann segir hafa a.m.k. 20 ára starfsreynslu, til þess að lakka parketið. Málariinn keypti til þess efni hjá Y, bæði grunnefni og lakk, en við það fyrirtæki mun málariinn hafa átt töluverð viðskipti eftir því sem fram kemur í gögnum málsins. Að sögn álitsbeiðanda fékk málariinn allar upplýsingar um meðferð efnanna við kaupin á þeim.

Gólfíð var síðan lakkað og segir álitsbeiðandi hafa komið í ljós „að lakkið virðist hafa hlaupið og minnti á köflum á matarlím sem liggur í vatni.“ Álitsbeiðandi segir málariann hafa hringt til Y og hafi hann heyrt málariann lýsa því í símanum hvernig gólfíð hafi litið út.

Í framhaldi af þessu hafi verið tekið til við að slípa upp verstu blettina en fljótlega hafi komið í ljós að lakkið hafi verið eins og tyggigúmmí og niðurstaðan orðið sú að allt lakk var slípað af gólfinu á nýjan leik. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið utan í tvær vikur og á þeim tíma hafi málariinn lakkað gólfíð í annað sinn. Áferðin á lakkinu eftir síðari umferðina hafi verið mun betri en eftir þá fyrri en fljótlega hafi farið að bera á gráleitum taumum í lakkinu og hafi þeim síðan farið fjölgandi. Auk þess hafi harka lakksins eða viðloðun engan veginn verið í lagi.

Málariinn hafi talað við Y og efnafræðingur komið frá fyrirtækinu til þess að skoða gólfíð. Hann hafi spurt hvort parketið væri að tegundinni A en álitsbeiðandi kveðst hafa svarað því til að tegundin væri B. Síðar hafi verið staðfest af efnafræðingi Y að valið á efnunum sem borin voru á gólfíð hafi verið rangt með tilliti til viðartegundar parketsins.

Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað til Félags íslenskra parketmanna sem vísað hafi á hæfan mann til þess að skoða gólfid. Í álit hans segir m.a.:

„Ég hef sjálfur í vinnu minni lent í vandræðum með yfirborðsmeðhöndlun á þessari viðartegund [B] og það er staðreynd að ekki er hægt að nota hvaða lakkefni sem er á hana ef viðunandi árangur á að nást. Vatnsþynnanleg lökk eru í flokki þeirra efna sem ekki virðast mega komast í snertingu við viðinn því þá virðist sem lakkið hlauti upp í bólur á köflum. Þar sem í þessu tilfelli er það svo að olía er notuð sem grunnefni þá lokar hún ekki yfirborði viðarins og lakkið kemst í beina snertingu við viðinn og hann „hrindir lakkinu frá sér“ á köflum, þ.e. loftbólur myndast undir lakkhúðinni. Reynsla mín er sú að í grunnun á þessari viðartegund er best að nota „gömlu eiturefnin“ þ.e. þynnislökk, og grunna viðinn jafnvel tvisvar með slíku efni til að loka því vel ef nota á vatnsþynnanleg lökk sem yfirborð. Niðurstaða mín er því eins og áður segir að þetta lakkkerfi henti einfaldlega ekki þessari viðartegund og af því skapist þau vandamál sem við blasa.“

Í beiðni sinni um álit gerir álitsbeiðandi kröfu á hendur Y um greiðslu á kr. 2.640.250 í skaðabætur. Í nánari skýringum á álitsbeiðninni, sem kærunefndin óskaði eftir, reiknar álitsbeiðandi tjón sitt vera kr. 2.560.339.

Í andsvörum lögmanns Y er allri skaðabótaskyldu fyrirtækisins hafnað. Í bréfi álitsbeiðanda frá 18. nóvember sl. eru margháttaðar athugasemdir gerðar við það sem haldið er fram af hálfu Y Ekki þykir ástæða til þess að rekja þær athugasemdir eða lýsa frekar þeim gögnum sem lögð hafa verið fram með tilliti til þeirrar niðurstöðu kærunefndarinnar sem fer hér á eftir.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefndin telur líkur hafa verið leiddar að því að þeir gallar sem álitsbeiðandi lýsir að hafi komið fram á lökkun á parketinu stafi af því að lakkefnin hafi ekki hentað við meðferð þeirrar tegundar parkets sem á gólfinu var. Það er hins vegar ekki nægjanlega upplýst hvað fór á milli málarans sem keypti lakkefnin og þess starfsmanns Y sem seldi honum þau. Þá var samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda parketið slípað upp eftir fyrri lökkunina og sömu lakkefni notuð á nýjan leik án þess að árangur væri viðunandi. Áður en það var gert segir álitsbeiðandi málara sinn hafi hringt í Y. Ekki er upplýst hvað í raun fór fram í því samtali, en lýsing aðila skv. þeim gögnum sem fyrir liggja, er ekki samhljóða um það.

Álitsbeiðandi hefur gert skaðabótakröfu að fjárhæð rúmlega 2,5 milljónir. Að álit kærunefndarinnar veltur skaðabótaskylda í þessu máli m.a. á því hvers sök það er að þau lakkefni voru notuð sem reyndust svo illa sem álitsbeiðandi lýsir. Þá er óupplýst hvers vegna sömu efni voru notuð við síðari lökkunina fyrst þau höfðu reynst svo illa við hina fyrri. Ber hér að hafa í huga þá reglu skaðabótaréttar að þeim sem fyrir tjóni verður ber að takmarka það eftir föngum. Kærunefndin álitur að eigi að upplýsa með nægjanlegum hætti hvernig atvikum öllum hafi verið háttað, til þess að hægt sé að taka rökstudda afstöðu til skaðabótakröfu álitsbeiðanda, sé nauðsynlegt að þeir sem að málinu komu verði yfirheyrðir en það verður ekki gert fyrir kærunefndinni. Þá er heldur ekki upplýst

með nægjanlegum hætti hvert tjón álitsbeiðanda kann í raun að vera og hvort hann verði að bera hluta þess sjálfur.

Af framangreindum ástæðum álitur kærunefndin að ágreiningurinn sé þess eðlis, upplýsingar um það hver kann að eiga sök á því hvernig fór og hvert tjón álitsbeiðanda kann að vera séu það takmarkaðar, að útilokað sé fyrir nefndina að taka efnislega afstöðu í málinu með álitsgerð. Kærunefndin vísar því álitsbeiðninni frá sér með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðrik Björnsson
Formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Jón Magnússon